

Góð ráð við gerð gjaldskráa vegna meðhöndlunar úrgangs



SAMBAND
ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Inngangur

Sveitarstjórnir skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal ákveða í gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Við ákvörðun gjaldskrár vegna meðhöndlunar úrgangs á að gera ráð fyrir því að raunverulegur kostnaður sé innheimtur af handhöfum úrgangs sem leiðir af meðhöndlun hans. Ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skera sig frá öðrum lagaheimildum þar sem sveitarfélögum er almennt heimilað að innheimta þjónustugjöld fyrir hluta eða allri veittri þjónustu en þeim er það aftur á móti ekki skylt.

Þetta skjal er ætlað að veita leiðbeiningar um gerð gjaldskráa vegna meðhöndlunar úrgangs eftir að lög nr. 103/2021 komu til framkvæmda 1. janúar 2023. Við gerð þessa skjals var stuðst var við leiðbeiningar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um álagningu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs og er samtökunum færðar þakkir fyrir að veita sambandinu heimild til að nýta þá vinnu.



Nokkur atriði um innheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs

- Innheimta skal gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs, þar með talið heimilis- og rekstrarúrgang sem safnað er á lóðum íbúa og lögaðila eða á grenndar-, söfnunar- og móttökustöðvum.
- Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum sem í gildi eru um meðhöndlun úrgangs. Hægt er að byggja gjaldskrá af áætluðum kostnaði að teknu tilliti til raunkostnaðar síðasta árs eða ára. Áætla má kostnað og síðan má uppfæra gjaldskrá eftir því sem meiri reynsla kemst á og þróun á sér stað.
- Skylt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði sérhvers aðila, hvort sem um er að ræða íbúa eða lögaðila, eftir kerfi sem kallast *Borgað þegar hent er* (e. Pay as you throw). Miða má gjaldið, sem skilgreint er sem *breytilegt gjald*, við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs eða aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs.
- Heimilt er að innheimta 25% af heildarkostnaði sem fast gjald, miðað við fasteign, (til ársins 2025 má hlutfallið vera 50%). *Fast gjald* er það gjald sem notandi getur ekki haft áhrif á með því að draga úr úrgangsmagni eða flokka til endurnotkunar eða endurvinnslu.
- Skylt er að birta árlega upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði á vef sveitarfélags eða byggðasamlags.
- Kostnaður við uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða er hluti af kostnaði sem innifalinn er í gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs, til dæmis innviðir til söfnunar og flutnings úrgangs og innviðir til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar úrgangs.
- Heimilt er að færa raunkostnað á milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að markmiðum laga um aukna flokkun og endurnýtingu.
- Birta skal gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í B-hluta Stjórnartíðinda.
- Sveitarfélag skal samþykkja gjaldskrá í samráði við viðeigandi heilbrigðisnefnd og má innheimta gjaldið með aðför.
- Heitin „sorphirða“ og „sorpeyðing“ í gjaldskráum vegna meðhöndlunar úrgangs detta út.
 - Allajafna hefur gjaldi sem áður bar heitið „sorphirða“ verið brotið upp í breytileg gjöld eftir stærð og fjölda íláta, tegund úrgangs og losunartíðni.
 - Gjald sem bar áður heitið „sorpeyðing“ hefur fengið heitið „Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður“ í gjaldskráum sveitarfélaga.

Ákvörðun gjalda vegna hirðu heimilisúrgangs

Þegar reikna á út kostnað vegna meðhöndlunar úrgangs sem verður til á heimilum skal taka til eftirfarandi kostnaðarþátta:

- Kostnað við losun íláta.
- Kostnað vegna meðhöndlunar úrgangs (flutnings, móttöku, ráðstöfun og annarrar meðhöndlunar).
- Kostnaður vegna íláta. Ílát geta verið eign sveitarfélags og leigð til notenda, eign verktaka en sveitarfélag leigir þau eða notendur/íbúar kaupa ílátin.
- Launakostnaður starfsfólks sem sinnir úrgangsstjórnun.
- Annar rekstrarkostnaður vegna úrgangsstjórnunar hjá sveitarfélaginu.
- Kostnaður vegna kynningar- og fræðslumála.
- Kostnaður vegna innheimtu og afnota af kerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til innheimtu gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs.

Borgað þegar hent er

Gjald fyrir hirðu og aðra meðhöndlun úrgangs við heimili skal innheimt samkvæmt *Borgað þegar hent er kerfi* þar sem gjaldið miðast við stærð og fjölda íláta og tegund úrgangs (rúmmálsleið). Kostnaði við meðhöndlun úrgangs við heimili er þannig deilt niður á ílát eða lítra.

Færsla gjalda milli úrgangsflokka

Til að hvetja til aukinnar endurvinnslu og draga úr magni blandaðs úrgangs má færa kostnað vegna meðhöndlunar lífúrgangs og úrgangs sem ber úrvinnslugjald (pappír/pappi og plast) yfir á blandaðan úrgang. Ef meðhöndlun vegna ákveðinna úrgangstegunda er gerð alveg gjaldfrjáls, eykur það hættuna á rangri flokkun og auknum óhreinindum, þar sem notendur freista þess að setja úrgang sem greiða þarf fyrir í gjaldfrjálsa flokka. Slíkt getur torvelað undirbúning undir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu og aukið kostnað.

Gjöld í fjöleignarhúsum

Gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs í fjöleignarhúsum eða þar sem ílát eru sameiginleg skal skipt upp eftir hlutfallstölu eignarhluta í viðkomandi sameign samkvæmt 45. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Almennt er fylgni milli stærðar íbúða og umfangs þess úrgangs sem íbúar viðkomandi íbúðar losa sig við og því sé slík skipting kostnaðar eftir stærð í samræmi við borgað þegar hent er.

Gjöld vegna losunar miðlægra gáma

Hjá heimilum sem losa úrgang í miðlæga gáma, t.d. djúpgáma eða gáma á yfirborði, skal gjald reiknast sem losunargjald og rúmmetragjald sem tekur mið af stærð gáms og tegund úrgangs. Gjaldinu eru svo skipt upp eftir hlutfallstölu eignarhluta þeirra heimila sem sameinast um slíkar lausnir, líkt og með fjöleignarhúsin.

Sveitarfélög geta heimilað íbúum að sameinast um ílát innan lóðar eða við aðliggjandi lóðir að því tilskyldu að söfnun úrgangs undir húsvegg færist þangað. Sveitarstjórn þarf að gera grein fyrir fyrirkomulaginu í samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Sama ferli við skiptingu gjalda vegna miðlægra gáma/íláta myndi falla undir það fyrirkomulag.

Viðbótargjöld

Sveitarfélögum er heimilt að skoða álagningu viðbótargjalda fyrir aukna þjónustu. Þau gjöld geta verið m.a.:

- **Breytingargjald:** lagt á allar beiðnir um breytingar sem verða eftir að fyrsta breyting á sér stað vegna breytinga á ílátum.
- **Skrefagjald:** lagt á ef hirðuaðilar þurfa að sækja ílát lengra en x metra frá hirðubíl. Í mörgum tilvikum hefur verið miðað við 15 metra.
- **Endurnýjunargjald:** lagt á ef tjón verður á íláti. Notandi kann að þurfa að greiða kostnað vegna endurnýjunar sé hægt að rekja tjónið til slæmrar umgengni.
- **Aukalosunargjald:** lagt á ef ílát hefur ekki verið losað vegna hindrana, rangrar flokkunar eða af öðrum ástæðum og notandi óskar eftir aukalosun eftir að vandamálið hefur verið leyst.

Ákvörðun gjalda vegna reksturs grenndar-, móttöku- og söfnunarstöðva

Innheimta skal gjald fyrir rekstur grenndar- og söfnunarstöðva, fast gjald á fasteignareiningu. Fasta gjaldið má vera 50% kostnaðar vegna meðhöndlunar úrgangs til ársins 2025, eftir það 25% hlutfall. Til að ná 75% breytilegum kostnaði þurfa sveitarfélög að útfæra innheimtu gjalda við móttöku- og söfnunarstöðvar.

Við útreikning á kostnaði sem gjöldin skulu standa undir verði tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Stofnkostnaðar vegna grenndar-, móttöku- og söfnunarstöðva
- Reksturs grenndar-, móttöku- og söfnunarstöðva

· Kostnaðar vegna innheimtu og afnota af kerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til innheimtu gjalda fyrir rekstur grenndar-, móttöku- og söfnunarstöðva.

Gjöld vegna húsa í frístundabyggð og húsnæði með takmarkaða íveru

Mögulegt er að innleiða Borgað þegar hent er kerfi fyrir frístundahús eða húsnæði sem aðeins er hægt að dvelja í hluta úr ári. Kostnaði vegna sameiginlegra gáma byggðarinnar væri þá skipt upp eftir fermetrafjölda frístundahúsa.

Mörg sveitarfélög hafa þó farið þá leið að innheimta eitt fast gjald á frístundahúsnæði. Það gjald stendur þá undir rekstur grenndar-, móttöku- og söfnunarstöðva sem notendur þessa húsnæðis nýta til að losa úrgang.

